

396. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 3. desember 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Patrik Zolobow
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna. Óskaði hún eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 23. lið viðauka við fjárhagsáætlun 2025. Var það samþykkt samhljóða og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Tjaldstæði Snæfellsbæjar.

Patrick Roloff, umsjónarmaður tjaldstæðanna mætti á fundinn og fór yfir starf sumarsins. Var honum þökkun góð skýrsla og vék hann svo af fundi.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að gera samning við Patrick um tjaldstæðin fyrir árið 2026.

2) Fundargerð 362. fundar bæjarráðs, dags. 3. desember 2025.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3) Fundargerð 22. fundar öldungaráðs, dags. 24. nóvember 2025.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. nóvember 2025.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) Fundargerð 104. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 24. nóvember 2025, ásamt reglum í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar og umgengnisreglum í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu á reglunum þar til á fundi sínum í janúar. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að kalla eftir fleiri gögnum og rökum frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa varðandi þessi mál á öðrum stöðum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkomnum athugasemdum.

6) Fundargerð 71. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 28. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

7) Fundargerð 198. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 13. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

8) Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 17. nóvember 2025.

Lagt fram til kynningar.

9) Fundargerð 237. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 29. október 2025, ásamt minnisblaði um stöðu verkefna samkvæmt tillögu skýrslu „Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar“.

Lagt fram til kynningar.

10) Fundargerð 986. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. október 2025.

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials: MS, JH, P2, 18, and others.

- 11) **Fundargerð 989. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. nóvember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 24. september 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Bréf frá Ægi Ægissyni, dags. 18. nóvember 2025, varðandi úrsögn úr fræðslunefnd.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða og þakkar Ægi fyrir setu hans og störf í þágu fræðslunefndar. Tillaga kom um Tinnu Ýr Gunnarsdóttur sem aðalmann í fræðslunefnd í stað Ægis. Tillagan samþykkt samhljóða.
- 14) **Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 24. nóvember 2025, varðandi ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Klifi vegna jólaballs þann 28. desember n.k.**
Erindið samþykkt samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilum bæjarfélagsins.
- 15) **Bréf frá Jóni Jóeli Einarssyni, dags. 13. nóvember 2025, varðandi minnisvarða um Jules Verne.**
Bæjarstjórn lýsir ánægju sinni með verkefnið og mun skoða það að styrkja það á einhvern hátt þegar það er komið á framkvæmdarstig.
- 16) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2025, varðandi niðurstöðu stýrihóps um eignarhlut sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum.**
Bæjarstjóri fór yfir málið.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að semja um eignarhlut Snæfellsbæjar í hjúkrunarheimilinu Jaðri.
- 17) **Áskoranir og hvatningar frá þingi UMFÍ, dags. 13. nóvember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Bréf frá tæknideild Snæfellsbæjar, dags. 10. nóvember 2025, varðandi landnotkunarreiti F-1 og F-2 á Hellissandi.**
Á fundinn mættu Halldór, Kristjana og Illugi frá umhverfis- og skipulagsnefnd, ásamt Ragnari, Valgerði, Gunnþóru, Smára og Matthíasi frá tæknideildinni. Farið var yfir skipulag svæðanna F-1 og F-2 á Hellissandi. Bæjarstjórn samþykkti að fela Gunnþóru og tæknideild að skoða önnur möguleg svæði á Hellissandi fyrir frístundabyggð.
- 19) **Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2025, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að framlengja afslátt gatnagerðargjalda til 31/12 2026.
- 20) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2026. Lagðar fram á fundinum.**
Efturfarandi gjaldskrár voru lagðar fram til samþykktar:
 - a) **Álagningarprósenta útsvars í Snæfellsbæ**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að álagningarprósenta útsvars árið 2026 verði 14,97%, eða sú sama og árið 2025.
 - b) **Gjaldskrá fasteignagjalda**
Breyting var gerð á gjaldskránni milli umræðna, álagningarprósenta fasteignaskatts A húsnæðis var lækkuð úr 0,44% af fasteignamati niður í 0,40%.
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - c) **Gjaldskrá leikskólagjalda**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - d) **Gjaldskrá leikskólasel við Lýsuhólsskóla**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including "JBO", "MS", "FS", "Au", "P2", and "KH".

- e) **Gjaldskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - f) **Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - g) **Gjaldskrá sundlaugar og íþróttahúss Snæfellsbæjar í Ólafsvík**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - h) **Gjaldskrá Lýsulauga**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - i) **Gjaldskrá sorphirðugjalda**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - j) **Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
 - k) **Gjaldskrá tjaldstæða Snæfellsbæjar**
Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
- 21) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2026. Seinni umræða.**
Eftirfarandi var lagt fram til samþykktar:
- a) **Styrkveitingar á árinu 2026**
Breytingartillaga kom um framlagða tillögu. Tillagan hljóðaði upp á að veita Sjómannadagsráði Ólafsvíkur styrk upp á kr. 1.000.000.- vegna framkvæmda við Kaldalæk.
Framlögð tillaga að styrkveitingum á árinu 2026, ásamt breytingartillögu, var samþykkt samhljóða.
 - b) **Framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar 2026**
Tillaga kom um að bæta við kr. 5.000.000.- í íþróttahúsið í Ólafsvík vegna viðhalds og könnunar á frekari framkvæmdum. Jafnframt kom tillaga um að klæða gaflinn á húsnæði bókasafns/tónlistarskólans og hækka þar með fjárframlag í þá framkvæmd úr kr. 10.000.000.- í kr. 15.000.000.-
Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2026, ásamt breytingartillögum, var samþykkt samhljóða.
 - c) **Framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs 2026**
Framlögð tillaga að framkvæmdaáætlun Hafnarsjóðs fyrir árið 2026 var samþykkt samhljóða.
 - d) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2026**
Eftirfarandi bókun var lögð fram í umræðu um fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar árið 2026.

“Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur í sameiningu unnið að gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2026. Samstarf bæjarstjórnar hefur verið afar gott í þessari vinnu og samstaða verið um breytingar á gjaldskrá, styrkveitingar og framkvæmdaliði fyrir árið 2026.

Verðbólga ársins 2025 fór örlítið lækkandi, þó telur bæjarstjórn að ákveðnar gjaldskrárhækkanir séu samt sem áður nauðsynlegar til að vinna upp hluta af verðbólgu síðustu ára þó ekki sé það gert að fullu. Munu gjaldskrár Snæfellsbæjar því ekki hækka nema um 3-7% á árinu 2026.

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2024 varðandi sorphmál í Snæfellsbæ og hefur gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda frá þeim tíma tekið mið af því. Nú er komin reynsla á nýtt kerfi og ljóst að ekki þarf að hækka sorpgjaldskrá nema um 1,5% til að mæta auknum kostnaði sem er undir verðlagsþróun sem er ánægjulegt.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including initials like "BHEI", "MS", "FS", and "P2".

Gjaldskrá fasteignagjalda tekur breytingum milli ára og er álagningarprósenta A gjalda lækkuð úr 0,44% í 0,40%. Er þetta gert til að koma til móts við fasteignaeigendur þar sem hækkun á fasteignamati var töluvert umfram verðlagsþróun.

Afsláttur fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu ársins. Afslátturinn er áfram tekjutengdur og miðast við tekjuárið 2024, en 100% afsláttur hækkar úr 150.000.- í kr. 162.000.-.

Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ verður óbreytt á milli ára eða 14,97%.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að viðhalda þeirri góðu þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og að henni verði hlúð eins og kostur er. Styrkir til félagasamtaka á árinu 2026 verða um 58,6 milljónir.

Snæfellsbær mun áfram bjóða upp á frístundastyrk til tómstundastarfs ungmenna og á árinu 2026 mun sá styrkur hækka úr kr. 35.000.- á barn í kr. 37.700.-, og fylgir hann launavísitölu.

Svigrúm til framkvæmda er ágætt. Áfram er gert er ráð fyrir því að stór hluti framkvæmda ársins 2026 verði í viðhaldsframkvæmdum á húsnæði bæjarins. Samtals er gert ráð fyrir tæpum 200 milljónum í viðhalds- og framkvæmdaverkefni á stofnunum bæjarins, ásamt öðrum smærri viðhalds- og framkvæmdaverkefnum. Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2026 verða hins vegar kaup á leiguíbúðum fyrir 60+ á Hellissandi en töluverð eftirspurn er eftir slíku húsnæði. Jafnframt verður farið í að endurnýja leiktæki á lóðum grunnskólans, leikskólans og leikvöllum.

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði rúmar 745 milljónir króna, þar af um 429 milljónir hjá bæjarsjóði Snæfellsbæjar og rúmar 316 milljónir hjá Hafnarsjóði.

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er ágæt. Ekki hefur verið þörf á lántöku á undanförunum árum og á árinu 2026 er ekki gert ráð fyrir nýjum lántökum, þrátt fyrir miklar fjárfestingar. Þetta þýðir að geta sveitarfélagsins til fjárfestinga eykst ár frá ári þar sem minna af fjármunum fer í afborganir af lánum og vexti sem er afar jákvætt og merki þess sést vel í þessari fjárhagsáætlun. Ef staðan verður áfram sú sama næstu árin þá ætti Snæfellsbær að verða skuldlaus af vaxtaberandi lánum sem yrði afar jákvætt fyrir samfélagið. Vaxtaberandi skuldir voru um síðustu áramót rétt um 920 millj. króna.

Fjárhagsáætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir að skila rekstrarafgangi upp á rúmar 232 milljónir hjá A-hluta sjóðum, en um 375 milljónum hjá samanteknum A- og B-hluta sjóðum. Það þýðir að reksturinn gefur ákveðið svigrúm til fjárfestinga og því þarf ekki að fjármagna fjárfestingar ársins með lántöku. Skuldahlutfall Snæfellsbæjar í ársreikningi 2024 var 62% hjá A-hluta og 52,54% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta, en ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 43,11% hjá A-hluta og 33,1% fyrir samstæðuna. Þar sem engin lán voru tekin á árinu 2025 er gert ráð fyrir að skuldahlutfall Snæfellsbæjar verði enn lægra í árslok 2025 og jafnframt er gert ráð fyrir að það lækki enn frekar á árinu 2026 þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku. Rétt er að taka fram að skv. sveitarstjórnarlögum má skuldahlutfall sveitarfélaga ekki fara yfir 150% og telst því Snæfellsbær mjög vel statt sveitarfélag.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar er vel rekinn og verða miklar framkvæmdir á hans vegum árið 2026 eins og á undanförunum árum, eða um 316 milljónir króna. Hafnarsjóður er fjárhagslega vel stæður og skuldar engin langtímalán. Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum hjá Hafnarsjóði á árinu 2026.

Rekstur Snæfellsbæjar hefur verið með ágætum undanfarin ár. Langtímakjarasamningar hafa verið gerðir við mörg starfsmannafélög á árinu 2025. Rekstur stofnana hefur gengið mjög vel á árinu 2025 og er að miklu leyti því að þakka hversu gott samstarf hefur verið við forstöðumenn og starfsfólk Snæfellsbæjar. Þó hafa launahækkanir haft töluverð áhrif á hækkun rekstrarútgjalda sem kom fram í rekstrinum á árinu 2025.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar treystir á að samstarfið verði áfram farsælt, því einungis þannig verður hægt að ná áfram góðum rekstri og veita góða þjónustu hjá sveitarfélaginu.

Handwritten signatures and initials: BHH, AU, FS, PL, and others.

Auður Kjartansdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Friða Sveinsdóttir
 Patryk Zolobow

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða framlagða fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2026.

22) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2027-2029.

Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2027-2029 var lögð fram og samþykkt samhljóða.

23) Viðauki við fjárhagsáætlun 2025.

Kynntur var viðauki við fjárhagsáætlun 2025. Viðauki ársins felur í sér tilfærslur milli málaflokka og útdelingu á þeim 75 milljónum sem gert var ráð fyrir undir liðnum „Ófyrirséð“. Ekki kemur til lántöku eða annarrar fjármögnunar en tilfærslu milli liða til að koma til móts við aukinn kostnað ársins 2025, en aukinn kostnaður er að mestu leiti til kominn vegna kjarasamninga KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir á árinu. Einnig eru fjármunir færðir á milli fjárfestinga, en af fjárfestingaáætlun ársins 2025 voru einhverjar sem voru kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir, á meðan aðrar kostuðu minna. Viðaukinn samþykktur samhljóða.


24) Minnispunktar bæjarstjóra.


- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
- Bæjarstjóri sagði frá fundi með endurskoðendum í morgun.
- Bæjarstjóri lagði fyrir ráðningarsamninga við skólustjóra grunnskóla Snæfellsbæjar og hafnarstjóra Snæfellsbæjar. Bæjarstjórn samþykkti báða ráðningarsamninga samhljóða.
- Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
- Bæjarstjóri sagði frá því að vel hafi gengið að jólaskreyta bæjarfélagið.
- Forseti bæjarstjórnar lagði til að skipaður yrði starfshópur til að þarfagreina bílaflota slökkviliðsins. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna og mun verða skipað í hópinn á næsta fundi bæjarstjórnar í janúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:12



 Auður Kjartansdóttir



 Björn H Hilmarsson



 Júníana Björg Óttarsdóttir


 Eiríkur Böðvar Rúnarsson


 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


 Margrét Sif Sævarsdóttir


 Friða Sveinsdóttir


 Patryk Zolobow


 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari